

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá nr. 192, 13. júní 1973, úr gildi felld.

Íðnaðarráðuneytið, 24. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Fóstbræðra, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. september 1975. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Fóstbræðra.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra 4. okt. 1974 með kr. 55 000.00 — fimmtuogfimmþúsund 00/100 — til minningar um Hall Þorleifsson. Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan Brynjólfs Jóhannessonar samkvæmt bréfi hans dagsettu 11. janúar 1974.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja unga efnilega söngvara til framhaldsnáms.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávalt vera í vörslu Karlakórsins Fóstbræðra, er annast fjárreiður hans. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi kórsins ár hvert. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands, og/eða í verðtryggðum ríkisskulda-bréfum. Aldrei má veit lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

4. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxtatekna, skulu vera frjáls framlög og tekjur af sölu minningarspjalda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveim mönnum kosnum á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra og einum frá Gömlum Fóstbræðrum, og jafn mörgum varamönnum frá hvoru félagi. Stjórnin skal kosin til þriggja ára í senn, og annist hún úthlutun styrkja.

6. gr.

Úthlutun styrkja úr sjóðnum má ekki fara fram, fyrr en sjóðsstjórnin telur sjóðinn það sterkan fjárhagslega, að vextir og verðbætur af höfuðstól hans, nægi til styrkveitinga. Úthlutun úr sjóðnum má eigi nema hærri fjárhæð en svarar til $\frac{3}{4}$ hluta þessara tekna hans.

7. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra. Þó má aldrei breyta nafni hans eða megintilgangi.

8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Reykjavík, 24. september 1975.

Í stjórn styrktarsjóðs Fóstbræðra.

Magnús Guðmundsson. Ásgeir Hallsson. Einar Geir Þorsteinsson.

1. október 1975.

Nr. 440.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3. 24 × 450 gr. sérfryst	321.30
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	321.30
5. 4 × 2,5 kg. sérfryst	321.30
6. 2 × 5 kg. sérfryst	321.30
7. 4 × 7 kg. sérfryst	321.30
8. 1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15 × 200 gr. sérfryst	326.70
10. Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verður hún ekki meiri en sem svarar innstæðu í honum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

 Gylfi Þórðarson.

6. október 1975.

Nr. 441.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr stafliður t. svo hljóðandi:

t. Hvers konar tetrasýklínsambönd skal áletra með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: